**Ed.** **1232. Breytingartillaga**

við rökstudda dagskrá á þskj. 1194 [Jarðræktarlög].

Frá Eiríki Einarssyni.

Dagskrártillöguna skal orða svo:

Þar sem deildin telur, að breytingar þær, sem frv. gerir ráð fyrir á fyrirkomulagi jarðræktarmála, kunni að valda verulegri röskun á grundvelli þeim, sem jarðræktarlögin eru reist á, og gera framkvæmd þeirra ótrausta, og í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi endurskoðun jarðræktarlaganna í samáði við Búnaðarfélag Íslands og nýbyggingarráð fyrir næsta reglulegt Alþingi og leggi síðan frv. fyrir þingið, þar sem miðað verði við sem öruggasta þróun íslenzkrar jarðræktar með þeim hætti, að góður jarðvegur og framtakssemi bændastéttarinnar fái sem bezt notið sín, álítur deildin ekki rétt að afgreiða frv. á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.